**Ed.** **313. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1920 og 1921, veitast 1190544 kr. 6 a., til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (til gjalda við dómgæslu o. fl.) veitast 11500 kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til Ara sýslumanns Arnalds ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 9500,00 |
| 2. | Til Guðm. L. Hannessonar bæjarfógeta á Siglufirði, launabót fyrir 1920 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 2000,00 |
| | Samtals | kr. | 11500,00 |

3. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 209000 kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til þess að ljúka við að reisa læknisbústað á Vífilsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir áður notaði til íbúðar ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 55000,00 |
| 2. | Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leiða rafmagn frá orkustöðinni við Elliðaár til Vífilsstaða. | | |
| 3. | Viðbótarstyrkur til aðgerðar og nýbyggingar sjúkrahússins Gudmanns Minde á Akureyri ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 17000,00 |
| 4. | Kostnaður af milliþinganefnd um varnir gegn berklaveiki ... | — | 12000,00 |
| 5. | Styrkur handa Guðnýju Jónsdóttur, til hjúkrunarnáms í New-York | — | 1000,00 |
| 6. | Til varnarráðstafana vegna kvefpestar ... ... ... ... ... ... | — | 90000,00 |
| 7. | Til berklabjúkrunarfjelagsins Líknar ... ... ... ... ... ... | — | 3000,00 |
| 8. | Til rafmagnstækja handa Röntgenstofnuninni og kaupa á Finsenslömpum ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 18000,00 |
| 9. | Til Sigvalda Kaldalóns læknis, alt að ... ... ... ... ... ... | — | 8000,00 |
| 10. | Til Gunnlaugs Claessens læknis, utanfararstyrkur ... ... ... | — | 2500,00 |
| 11. | Til Jóns Kristjánssonar læknis, styrkur til utanfarar og áhaldakaupa ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 2500,00 |
| | Samtals | kr. | 209000,00 |

4. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 314900 kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til Jóns Straumfjörðs dyravarðar pósthússins, launabætur árið 1920 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 500,00 |
| | **Flyt** | **kr.** | **500,00** |

Fluttar kr. 500,00

2. Til undirbúnings endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram $^1/_3$ kostnaðar ... ... .. ... kr. 7000,00
3. Til dragferju á Lagarfljóti 1919 (Endurveiting) ... ... ... — 300,00
4. — dragferju á Hjeraðsvötnum (Þar af 300 kr. endurveiting fyrir 1919) ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 700,00
5. — Skaftfellingabáts 1919 (Endurveiting) ... .. ... ... ... — 6000,00
6. — Austfjarðabáts 1919 (Endurveiting) ... ... ... ... ... — 1000,00
7. Viðbótarstyrkur til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp, 11000 kr. hvort árið ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... .. ... ... ... — 22000,00
8. Til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land — 80000,00
9. Aukafjárveiting til Breiðafjarðarbáts fyrir árið 1921 ... ... ... — 3000,00
10. Til mótorbátaferða frá Reykjavík til kauptúnanna í Árnessýslu — 12000,00
Styrkurinn veitist eftir tillögu sýslunefndar Árnesinga.
11. Aukafjárveiting til Rangárbáts árið 1921, alt að $^1/_3$ flutningskostnaðar ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... .. — 8000,00
12. Til bátaferða á Hvalfirði ... ... ... ... .. ... ... ... — 1000,00
13. Til mótorbátsferða frá Hornafirði, með endastöð á Djúpavogi, Fáskrúðsfirði eða Eskifirði, í sambandi við ferðir Sterlings og Goðafoss ... ... ... ... ... .. ... ... ... ... ... ... — 8000,00
Styrkurinn veitist eftir meðmælum sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.
14. Til Eimskipafjelags Íslands, fyrir áætlunarferðir skipsins Goðafoss árið 1921, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 60000,00
Styrkurinn miðast við 3 ferðir út og 4 ferðir utan frá 3. júlí til ársloka milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, með áskildum viðkomum austanlands og norðan.
15. Til að kaupa símastöðvarhús í Vestmannaeyjum ... ... ... — 50000,00
16. Til endurbyggingar og endurbóta á Arnarnesvita við Ísafjarðardjúp ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 20000,00
17. Til breytinga og aðgerða á Elliðaeyjarvita ... .. ... ... ... — 25000,00
18. Til endurbyggingar vitanna í Sandgerði ... ... ... ... ... — 10000,00
19. Til Gests Guðmundssonar, vitavarðar við Arnarnesvitann, lífeyrir sökum meiðsla við vinnu í þarfir starfsins ... ... ... — 400,00

Samtals kr. 314900,00

## 5. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 115253 kr. 24 a.

1. Til húsabóta á prestssetrinu Útskálum ... . . ... ... ... kr. 8000,00
2. Styrkur til að reisa hús á prestssetrinu Stað í Grunnavík.. ... — 11000,00
Þessar fjárveitingar eru bundnar því skilyrði, að húsin verði jarðareign.
3. Launabætur Ólafs Rósenkranz dyravarðar fyrir 1920 ... ... - 700,00
4. Dýrtíðarbætur til háskólaritara ... ... ... ... ... ... ... — 600,00
5. Til líkhúss handa háskólanum ... ... ... ... ... ... ... — 4000,00

**Flyt kr. 24300,00**

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fluttar kr. | 24300,00 |
| 6. | Til utanfarar rektors mentaskólans | — | 2500,00 |
| 7. | Dýrtíðaruppbót á námsstyrk mentaskólanemenda 1921 | — | 3000,00 |
| 8. | Þóknun fyrir starf mentamálanefndar | — | 10000,00 |
| 9. | Aðgerð og málning mentaskólans | — | 25500,00 |
| 10. | Launabætur til kennaranna Sigurbjörns Á. Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar fyrir 1920 | — | 4400,00 |
| 11. | Þóknun til Svbj. Egilsonar fyrir fyrirlestrahald við Stýrimannaskólann | — | 300,00 |
| 12. | Utanfararstyrkur skólastjórans á Eiðum | — | 3000,00 |
| 13. | Uppbót á borgun fyrir smíða- og dráttlistarkenslu á Hólum og Hvanneyri | — | 3600,00 |
| 14. | Fyrir bætur á Hólum í Hjaltadal með hjáleigunni Hofi og umbætur á bústofni þar | — | 19703,24 |
| 15. | Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra | — | 1200,00 |
| 16. | Uppbótarstyrkur til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði | — | 2000,00 |
| 17. | Til unglingaskólans í Hjarðarholti | — | 3000,00 |
| 18. | — Hvítárbakkaskólans, viðbótarstyrkur | — | 3000,00 |
| 19. | — Flensborgarskólans, viðbótarstyrkur | — | 5450,00 |
| 20. | Fyrir aðgerð á daufdumbraskólanum | — | 1500,00 |
| 21. | Kenslu- og utanfararstyrkur blindrar stúlku, gegn því, sem til vantar, annarsstaðar frá. | — | 1000,00 |
| 22. | Dýrtíðaruppbót til Páls Erlingssonar sundkennara fyrir árið 1920 | — | 1800,00 |
| | Samtals | kr. | 115253,24 |

6. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast 110550 kr. 52 a.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til útgáfu minningarrits landsbókasafnsins | kr. | 4500,00 |
| 2. | Til alþýðubókasafns í Reykjavík | — | 2000,00 |
| 3. | Styrkur til dr. Jóns Þorkelssonar, til útgáfu fornbrjefasafnsins, 800 kr. hvort árið | — | 1600,00 |
| 4. | Styrkur handa sama manni, til að sækja fund norrænna sagnfræðinga í Kristíaníu | — | 1200,00 |
| 5. | Styrkur handa dr. Jóni Aðils, í sama skyni | — | 2500,00 |
| 6. | Styrkur handa magister Boga Th. Melsted, í sama skyni | — | 400,00 |
| 7. | Styrkur til Kvenrjettindafjelagsins, til að sækja alþjóðafund Kvenrjettindasambandsins í Sviss | — | 2500,00 |
| 8. | Viðbót við utanfararstyrk Sigfúsar Einarssonar | — | 1500,00 |
| 9. | Til að fullgera hús yfir listaverk Einars Jónssonar | — | 50000,00 |
| 10. | Til Einars Jónssonar, dýrtíðarbót fyrir 1921 | — | 2060,00 |
| 11. | Styrkur til Ásmundar Sveinssonar, til framhaldsnáms við listaháskólann í Stokkhólmi | — | 1000,00 |
| 12. | Styrkur til Jóhannesar Kjarvals listmálara | — | 1500,00 |
| 13. | Styrkur til Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi, til suðurgöngu | — | 2000,00 |
| 14. | Til Ríkarðs Jónssonar, til Rómafarar | — | 1000,00 |
| | Flyt | kr. | 73760,00 |

Fluttar kr. 73760,00

15. Fyrir að flytja mold í kirkjugarðinn í Reykjavík og fyrir landspildu undir hann ... — 23065,19
16. Til að gefa út þýðingu af fyrri hluta Göethes Faust ... — 2500,00
17. Til Jóh. L. L. Jóhannssonar. Endurgreiðsla á prentkostnaði... — 725,33
18. Til Steins Emilssonar, til fullnaðarnáms í Þýskalandi (lokaveiting)... — 2000,00
19. Til Valdemars Sveinbjörnssonar íþróttanema (lokaveiting) ... — 1500,00
20. Til Brynjólfs Stefánssonar verkfræðinema, til framhaldsnáms — 2000,00
21. Til hjónanna Arnórs Sigurjónssonar og Helgu Kristjánsdóttur, til fullnaðarnáms... — 2000,00
22. Til Steins Steinssonar verkfræðinema, til að ljúka námi ... — 2000,00
23. Til útgáfu lögfræðilegs og hagfræðilegs tímarits... — 1000,00

Samtals kr. 110550,52

7. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 211972 kr. 40 a.

1. Styrkur til Jóns H. Þorbergssonar, til utanfarar í ullarmatserindum ... kr. 1000,00
2. Til aðgerðar sjóvarnargarðs á Siglufirði ... — 6000,00
3. Utanfararstyrkur Jóhanns Fr. Kristjánssonar ... — 2500,00
4. Dýrtíðaruppbætur til sama manns 1920 og 1921 ... — 7719,90
5. Til Búnaðarfjelagsins, til verkfærasýningar... — 20000,00
6. Til Einars Sæmundssonar skógarvarðar, launabætur fyrir 1920 — 440,00
7. Dýrtíðaruppbætur handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, Garðyrkjufjelags Íslands, Búnaðarsambandanna og Fiskifjelags Íslands ... — 56000,00
8. Til skógræktar (eftirgjöf á láni) ... — 5000,00
9. Styrkur til heimilisiðnaðarfjelaga 1919 (Endurveiting) ... — 1000,00
10. Til heimilisiðnaðarsýningar í Reykjavík ... — 2000,00
11. Fyrir mulningsvjel ... — 1000,00
12. Til Skeiðaáveitunnar, 1/4 kostnaðar ... — 29000,00
13. — erindreka á Spáni og Ítalíu, 20000 kr. á ári ... — 40000,00
14. Til sýslusjóða Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, upp í kostnað við rannsókn Andakílsárfossanna, alt að ... — 5000,00
    þó ekki yfir helming kostnaðar.
15. Til bryggjugerðar á Akranesi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar — 8000,00
    Styrkurinn er veittur hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, og skal bryggjan vera til almenningsnota.
16. Til aðstoðarmanns húsagerðarmeistara 1921 ... — 8312,50
17. Til viðgerðar bátabryggju á Blönduósi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar, alt að... — 19000,00

Samtals kr. 211972,40

## 8. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 16867 kr. 90 a.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Eftirlaun handa Sigurði Jónssyni fyrv. atvinnumálaráðherra, 3000 kr. á ári og dýrtíðaruppbót eftir 3. gr. launalaganna ... | kr. | 12619,90 |
| 2. Uppbót á eftirlaunum frú Sigríðar Hjaltadóttur... ... .. ... | — | 900,00 |
| 3. Uppbót á eftirlaunum frú Ingileifar Aðils ... ... ... ... ... | — | 500,00 |
| 4. Eftirlaun handa frú Guðrúnu ekkju sr. Matthíasar Jochumssonar, 1200 kr., ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalögum.... ... | — | 2848,00 |
| Samtals | kr. | 16867,90 |

## 9. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 200500 kr.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Kostnaður vegna fyrirhugaðrar komu Hans Hátignar konungsins og Hennar Hátignar drotningarinnar ... ... ... ... ... | kr. | 200000,00 |
| 2. Styrkur handa Sigurði Jónssyni trjesmið, Berlín ... ... ... | — | 500,00 |
| Samtals | kr. | 200500,00 |

## 10. gr.

Stjórninni er heimilt

1. að lána Guðmundi sýslumanni Björnssyni í Borgarnesi alt að 60000 krónum, til að reisa íbúðarhús í Borgarnesi, þó ekki yfir 4/5 hluta alls byggingarkostnaðar, gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda. Lánið er veitt til 40 ára og ávaxtast með 6%. Skal það standa afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 38 árum.
2. að lána Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum 8000 krónur, til að kaupa fyrir jörð til læknisseturs fyrir Reykhólahjerað. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 6% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 30 árum.
3. að láta virkja og starfrækja á ríkiskostnað silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli, og að taka lán til stofnkostnaðarins, gegn veði í námunni sjálfri. Rentur og afborganir af láninu teljast með árlegum rekstrarkostnaði, en mismunur á tekjum og gjöldum námunnar færist á landsreikning árlega.

## 11. gr.

Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leggja slitlag úr efninu »Terrazzo« á gólfin í listasafnshúsi Einars Jónssonar, í Safnahús ríkisins og aðrar opinberar byggingar, eftir því sem þörf krefur.